

**Sp.**

**452. Fyrirspurnir.**

[240. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um undirbúning löggjafar um atvinnulýðræði.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hvað hefur félagsmálaráðherra gert til þess að reka á eftir störfum nefndar, sem skipuð var 30. ágúst 1973 af þáverandi félagsmálaráðherra til þess að semja frumvarp til laga um atvinnulýðræði í kjölfar samþykktar Alþingis á tillögu til þingsályktunar þess efnis frá þingmönnum Alþýðuflokksins?
2. Hafi nefndin ekki starfað er félagsmálaráðherra þá ekki reiðubúinn til þess án frekari tafa að leysa hana formlega frá verkefni sínu, skipa nýja nefnd og sjá svo um að hún skili því viðfangsefni, sem Alþingi hefur falið ríkisstjórninni að leysa með samþykkt umræddrar þingsályktunartillögu frá þingmönnum Alþýðuflokksins?

II. Til menntamálaráðherra um nýja langbylgjustöð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvað líður áætlunum um framkvæmdir við byggingu nýrrar langbylgjustöðvar til þess að leysa af hólmi úrelta og úrsérgengna sendistöð á Vatnsendahæð við Reykjavík?

III. Til forsætisráðherra um aðgerðir í atvinnumálum á Suðurnesjum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvenær og hvernig hyggst ríkisstjórnin framkvæma það ákvæði í stjórnarsáttmálanum er segir að undirbúið verði öflugt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum?
2. Hver er árangur af starfi nefndar þeirrar er skipuð var 24. júní s. l. í þessu skyni?

IV. Til utanríkisráðherra um málefni flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar þeirrar er ráðherra skipaði 13. nóvember s. l. vegna nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli?
2. Hefur verið ákveðið hvernig og hvort lántaka til byggingarinnar verður nýtt?
3. Hefur verið tekin ákvörðun um áfangaskiptingu byggingarinnar?
4. Hafa verið gerðar breytingar á hönnun byggingarinnar?